


# MSQ-prófið

Ársæll Jónsson  
yfirlæknir á Landakoti



Fyrir röskum 25 árum lögðu tveir breskir öldrunarlæknar, Isaacs og Caird, til að hugtakið heilabilun yrði tekið til almennrar notkunar í klíniskri læknisfræði.

Þeir skilgreindu hana sem „viðtæka skerðingu á heilastarfsemi með truflunum á minni, einbeitingu og dómgreind, hjá sjúklingi með eðlilega meðvitund“

Tekið var fram að hugtakið heilabilun ætti ekki við sérstök frávík í sérhæfðri starfsemi heilans eins og kennistol og málstol eða breytingar á skapgerð, tilfinningum eða hegðun<sup>1</sup>.

Í læknámi hafði fram til þessa lítil fræðsla farið fram um að skilvitund sjúklinga kynni að skipta máli fyrir lækningu og bata og engin próf tiltæk til greiningar. Greindarpróf eins og WAIS þóttu ekki heppileg þar sem fyrirlögn þeirra krafðist sérhæfðs starfskrafts og fyrirlögn tók meiri tíma en eina klukkustund<sup>2</sup>. Það hafði því mjög takmarkaða þýðingu í almennu læknis-

starfi þótt reynt væri að notast við styttri útgáfur. Öldrunarlækningar voru á þessum tíma í örum vexti og þörfin fyrir greiningaraðferðir fyrir heilabilun var mjög knýjandi.

Árið 1970 hóf undirritaður framhaldsnám í Aberdeen hjá dr L.A. Wilson, einum frumkvöðli Breta í öldrunarlækningum. Hann hafði þá þegar tekið í notkun einfalt greiningartæki fyrir heilabilun, sem hann hafði fengið hjá bandarískum geðlækni, dr Goldfarb í New York. Þetta tæki var kallað „Goldfarb score“ eða „Mental status questionnaire“ eða MSQ prófið<sup>3</sup>. Nokkur sambærileg próf komu síðar fram (AMTS; Abbreviated mental test score, DRS; Dementia rating scale, SPMSQE; Short portable mental status questionnaire for the elderly, OSGP; Orientation scale for geriatric patients o.fl.) en MSQ prófið mun sennilega hafa náð mestri útbreiðslu. Dr Wilson gerði á því lítils háttar breytingar og í þeirri mynd var MSQ prófið þýtt á íslensku og notað m.a. til kennslu læknanema um árabil.

MSQ-prófið MENTAL STATUS QUESTIONNAIRE	
Nafn	
Heimilisfang	
Aldur	
Fæðingardagur og ár	
Dagur	
Mánuður	
Ár	
Staður	
Forseti	
Fyrrverandi forseti	

MSQ prófið samanstendur af 10 spurningum sem taka til ákveðinna minniþátta úr daglegu lífi fólks. Það tekur stuttan tíma og auðvelt er að koma því fyrir í venjulegu klínisku samtali. Best er að framkvæma það með því að spyrja sjúklinginn spurninganna í þessari röð;

1. Hvað heitir þú (fullu nafni)?
2. Hvar áttu heima (hvert er heimilisfang þitt)?
3. Hvað ert þú gamall/gömul?
4. Hvenær ert þú fædd/-ur (fæðingardagur og -ár)?

Þessar fyrstu fjórar spurningar eru eðlilegar í venjulegu viðtali. Sumir sjúklingar eru viðkvæmir fyrir minnisþvingningum og geta orðið kvíðnir þegar leitað er eftir minnisglöppum og við það getur minnið versnað enn frekar. Til að draga úr spennu getur verið gott að spyrja annarra spurninga eins og: „Er minnið eitthvað farið að bila?“ eða „Fylgist þú með tímanum?“ á undan næstu spurningu MSQ-prófsins;

5. Hvaða dagur er í dag (nafn vikudags eða mánadardagur)?
6. Hvaða mánuður er núna?
7. Hvaða ár er núna (rétt ártal)?
8. Hvað heitir þessi staður (húsið sem við erum í)?
9. Hvað heitir forsetinn (eða forsætisráðherrann) okkar?
10. Hver var á undan honum (fyrrverandi forseti eða forsætisráðherra)?

Við úrlestur var talinn fjöldi réttra svara og eru niðurstöður túlkaðar á þennan hátt;

- 8-10 rétt svör; ekki marktæk glöpp  
 5-7 - - ; væg heilabilun  
 0-4 - - ; alvarleg heilabilun.

Það var spennandi að kynna MSQ prófinu í árdaga. Sérstaklega fannst mér áhugavert að geta greint heilabilun hjá fólki, sem gat haldið uppi eðlilegum samræðum og dulið glöpin og ekki síður að greina þá sjúklinga, sem litu út fyrir að vera með alvarlega heilabilun en voru það alls ekki. MSQ prófið var m.a. notað í rannsóknum á sjúklingum í heimahúsum, sem voru forskoðaðir í heimilissvitjunum og á langlegusjúklingum á almennu sjúkradeildum sjúkrahúsanna þriggja í Reykjavík árið 1980<sup>4, 5</sup>. MSQ prófið gaf sambærilegar niðurstöður og MMSE prófið (Mini mental state examination) við skimun á vitglöpum og óráði meðal bráðasjúklinga á lyflækningadeild.<sup>6</sup>

Á síðari árum hefur dregið verulega úr notkun MSQ-prófsins einkum vegna tilkomu MMSE-prófsins<sup>7</sup>. Það próf tekur til fleiri þátta skilvitundar en MSQ-prófið og er algengasta skimunarprófið í heiminum í dag. Fyrlögn tekur 10-15 mín. en sértæki (60-70%) og næmi (>90%) prófsins fer að nokkru eftir stigi heilabilunar, miðað við 24/30 svörun. Vafatilfelli þurfa ítarlegri úrvinnslu. MMSE prófið er notað til að fylgjast með

árangri lyfjameðferðar hjá Alzheimersjúklingum en útkoman lækkar að jafnaði um 3-4 stig á ári hjá þeim. Íslensk þýðing var fyrst staðfærð árið 1986 en síðan hafa verið gerðar á því breytingar, sem bíða stöðlunar<sup>8</sup>. Þörf er fyrir einfaldari próf í líkingu við MSQ prófið, sem taki til eðlilegra þátta í daglegu lífi fólks og sem aðstandendur gætu notað. Dæmi um slík próf eru; EMQ; Everyday memory questionnaire og SMQ; Short-memory questionnaire.

Leggja ber áherslu á að öll prófin hér að ofan eru svokölluð skimpróf og ber að nota niðurstöður þeirra aðeins sem vegvísa fremur en endanlega greiningu á heilabilun. Greining heilabilunar er margþætt og oft flókin aðgerð sem innifelur sérhæfða læknisskoðun og viðtal með upplýsingaöflun frá aðstandendum, blóðprufur, geislagreiningu og stundum nánari greiningu hjá taugasálfræðingi. Fyrir hinn almenna heilbrigðisstarfsmann getur verið gott að bregða fyrir sig einfaldri skimun með MSQ prófi einkum þar sem oft er í mörg horn að líta við klíniska skoðun aldræðs sjúklings.

- 1 Isaacs B, Caird FI, "Brain failure"; a contribution to the terminology of mental abnormality in old age. *Age and Ageing* 1976;5:241-4.
- 2 Wechsler D. Wechsler Memory Scale. New York, The Psychological Corporation, 1972.
- 3 Kahn RL, Goldfarb AI, Pollack M et al. Brief objective measures for the determination of mental status in the aged, *AM J Psychiatr* 1960;118:241
- 4 Ársæll Jónsson, Þór Halldórsson. Mat á vistunarþörf aldraðra sjúkra í heimahúsum. *Læknablaðið* 1979;65:239-43.
- 5 Ársæll Jónsson, Guðjón Magnússon. Langlegusjúklingar eldri en 70 ára á almennu sjúkrahúsum og geðsjúkrahúsum í Reykjavík. (Útdr.). *Læknablaðið* 1981; 8:200.
- 6 Halldór Kolbeinsson, Ársæll Jónsson. Vitglöpp og óráð meðal aldraðra bráðasjúklinga á lyflækningadeild. *Læknablaðið* 1991;77:141-9.
- 7 Folstein MF, Folstein SE, A practical method for grading the cognitive state of patients for the clinician. *J Psychiatr Res* 1975;12:189-98.
- 8 Kristinn Tómasson. Athugun á glöpum hjá öldruðum og áfengissjúklingum með auðveldu stöðluðu prófi borin saman við mat starfsfólks. *Læknablaðið* 1986;72:246-59.



**ÚTFARARSTOFA  
HAFNARFJARÐAR**

Stapahrauni 5, Hafnarfirði, sími 565 5892  
www.utfararstofa.is

Snyrti og nuddstofan  
**PARADÍS**

Laugarnesvegi 82  
S: 553 1330